



Þegar á hólminn er komið.

Greining á niðurstöðum dómstóla í vistunarmálum á árunum 2010 – 2012.

Erindi á Barnaverndarþingi 25. september 2014

Heiða Björg Pálmadóttir

Doktorsnemi við lagadeild HR, lögfræðingur Barnaverndarstofu

Kynning á rannsókn

- Samspil málsmeðferðarreglna stjórnsluréttar við grundvallarreglurnar um friðhelgi fjölskyldunnar og rétt barns til verndar og umönnunar í barnaverndarmálum.
- Rannsókn felst í athugunum á vistunum barna utan heimilis á árunum 2010 – 2012.
 - Niðurstöður dómstóla (úrskurði og dóma) í vistunarmálum.
 - Gögn frá barnaverndarnefndum þar sem börn hafa verið vistuð utan heimilis með samþykki forsjáraðila og barnanna sjálfra, ef þau hafa náð 15 ára aldri.
- Áætluð verklok 2017.

Sérstaða barnaverndarmála

Áhrif sjónarmiðsins um það sem barni er fyrir bestu

- Samspil og vægi grundvallarréttinda barna og foreldra.
 - Réttur barna og foreldra til fjölskyldulífs.
 - Réttur barna til verndar og umönnunar.
- Sjónarmiðið um það sem er barni fyrir bestu.
 - Nátengt rétti barns til verndar og umönnunar.
 - Hvert er raunverulegt vægi þess í barnaverndarmálum?
 - Hver eru áhrif sjónarmiðsins á önnur réttindi?
 - Áhrif á kröfur til málsmeðferðar barnaverndanefnda?

Niðurstöður dómstóla 2010 – 2012 vegna vistana utan heimilis

- Alls 52 mál.
 - Þar af fóru 16 fyrir Hæstarétt.
 - Í 14 málum dæmt um efnisatriði málsins.
 - Í einu máli var niðurstaða héraðsdóms ekki staðfest.
 - 12 mál (23,1%) – vistun í tvo mánuði (27. gr. bvl.).
 - 27 mál (51,9%) – vistun í allt að 12 mánuði (28. gr. bvl.).
 - 13 mál (25%) – forsjáarsviptingar (29. gr. bvl.).
- Í 11 málum voru gerðar athugasemdir við vinnslu málanna eða ekki fallist á kröfu barnaverndarnefndar (21,2%).

Málsforræðisreglan

- Grunnregla í einkamálaréttarfari.
- Aðilar dómsmáls hafa forræði á kröfum sínum og málsástæðum.
 - Afla sjálfir sönnunargagna og bera ábyrgð á því að rökstyðja málið nægilega vel til þess að þeir nái fram kröfum sínum.
- Í 47 málum af 52 (90,4%) byggir dómstóllinn á málsástæðum aðila.
 - Í fimm málum (9,6%) eru vísbendingar um sjálfstæða skoðun dómstóls.

Áhrif brota á niðurstöður mála fyrir dómi

- Fallist á kröfu barnaverndarnefnda í 45 málum af 52 (86,5%).
- Gerðar athugasemdir við vinnslu málanna eða ekki fallist á kröfu um vistun í 11 málum (21,2%).
 - Vistunartími stytur í þremur málum (27,3% mála þar sem gerðar voru athugasemdir/5,8% heildarmála).
 - Ekki fallist á kröfu um vistun í fjórum málum (36,4% mála þar sem gerðar voru athugasemdir/7,7% heildarmála).
 - Fallist á kröfu þrátt fyrir ágalla í fjórum málum (36,4 % mála þar sem gerðar voru athugasemdir/7,7% heildarmála).

Áhrif brota, frh.

- Ágallar hafa ekki áhrif á niðurstöðu, fjögur mál.
 - Byggt á málsástæðum aðila í þremur málum.
 - Sjálfstæð skoðun dóms í einu máli.
- Vistunartími stytur, þrjú mál.
 - Byggt á málsástæðum aðila öllum málum.
- Ágallar valda ógildingu, fjögur mál.
 - Byggt á málsástæðum aðila í einu máli.
 - Sjálfstæð skoðun dómara í þremur málum.
- Í 10 málum af 11 bentu lögmenn forsjáraðila á brot á þeim reglum sem athugasemdir dóms lúta að.

Kröfugerð aðila

- Í 50 af 52 málum var borið við brotum á málsmeðferðarreglum (96,2%).
- Röksemdir aðila:
 - Haldið fram broti á meðalhófsreglu í 46 málum (88,5%).
 - Bent á að úrræði vanti eða möguleg úrræði í 10 málum.
 - Brot á meðalhófi tengt vali á vistunarstað í 3 málum.
 - Almenn vísun til brota á meðalhófi án rökstuðnings í 33 málum.
 - Rannsókn gagnrýnd í 21 máli (40,4%).
 - Bent á tiltekna þætti við rannsókn málsins í 9 málum.
 - Almenn gagnrýni á rannsókn án nánari tilgreiningar í 12 málum.
 - Bent á brot á jafnræðisreglu í 4 málum (7,7%).
 - Bent á brot á málshraða í 1 máli (1,9%).
 - Bent á brot á stjórnarháttum án nánari tilgr. í 1 máli (1,9%).

Köfugerð aðila, frh.

- Lögmenn virðast ekki benda á brot á hinum sérstöku málsmeðferðarreglum barnaverndarlaga.
 - Reglurnar eru nánari útfærsla á almennum reglum stjórnarsýsluréttarins.
- Skoðun á barnaverndarmálum bendir til þess að oft vanti nokkuð upp á að formreglum barnaverndarlaga sé fylgt.

Hugleiðingar

- Hvar liggur þröskuldurinn varðandi það hvað eru ásættanlegar uppeldisaðstæður?
- Hefur sjónarmiðið um það sem er barni fyrir bestu þau áhrif að málsmeðferðarreglurnar hafa minni þýðingu?
 - Hvaða afleiðingar hefur það á vinnslu barnaverndarmála almennt?
- Vantar upp á þekkingu lögmanna og skilning þeirra á málsmeðferð barnaverndarmála og þeim kröfum sem lögin gera til barnaverndarnefnda?
 - Mega barnaverndarnefndir eiga von á því að fleiri mál tapist ef lögmennt breyta sínum málflutningi?